

2. fundur skólaráðs skólaárið 2022-2023 - 30. nóvember kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Svala Fanney Njálisdóttir, Stefán Hrafn Stefánsson, Þorsteinn Björnsson, Gyða Dröfn Árnadóttir, Sigurður Baldur Þorsteinsson og Birgir Húni Haraldsson.

Móeiður Alma Gísladóttir var fjarverandi.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari Svala Fanney Njálisdóttir

1. Fjárhagsáætlun 2023 - staða áætlunar 2022

Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs á lokametrunum. Útlit fyrir að skólinn verði áfram á svipuðu róli og geti því haldið í horfinu hvað varðar kennslustundafjölda og þvíumlíkt. Einnig reynt að halda í horfinu hvað varðar vöru- og tækjakaup. Styrkir hafa hjálpað mikið til við tækjavæðingu á undanförunum árum sem hefur skipt sköpum. Engir sérstök, stærri og fjárfrek innkaup fyrirhuguð, búum ágætlega að helstu innanstokksmunum en þó ávallt eitthvað sem fellur til og einnig viljum við reyna að bæta námsumhverfi nemenda og gera það notalegt.

Áætlun ársins 2022 virðist ætla að ganga upp án stórvægilegra frávíka. Launaliðurinn, sem er langstærsti einstaki liðurinn á áætluninni, virðist vera í þokkalegu jafnvægi sem skiptir mestu máli. Aðrir liðir eru aðeins upp og niður, t.d. fór kostnaður vegna nemenda nokkuð fram úr áætlun þar sem það gleymdist að gera ráð fyrir ferð á Reyki sem kostar alltaf þó nokkuð. Þá er endurmenntunarliðurinn hár, en þar eiga eftir að koma styrkir á móti úr endurmenntunarsjóði. Fæðiskostnaður hefur eðlilega hækkað umtalsvert þar sem nú er líka eldað fyrir leikskólann hér upp frá, því fer sá liður fram úr, en er þá lægri á áætlun leikskólans á móti. Þetta verður svo stemmt af eins og hægt er á áætlun næsta árs.

2. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Eins og rætt hefur verið áður eru allnokkrar framkvæmdir sem eru sannarlega „komnar á tíma“; t.d. salerni og kaffikrúkur starfsfólks, salerni niðri, gluggar, bæta hljóðvist og svo margumtalað leiksvæði. Einnig spurning með breytingar á húsnæði til að styðja við teymiskennsluna svo sem að opna á milli stofa og setja harmonikkuhurðir o.þ.h. Þá væri æskilegt að halda áfram að setja kerfisloft og nýja lýsingu til samræmis við það sem gert var í forstofu og á salernum nemenda á efri hæð sl. sumar.

Sem fyrr segir er ekki búið að loka fjárhagsáætlun endanlega, en útlit er fyrir að settur verði peningur í að hefja framkvæmdir á skólalóð. Líklega verður farið í jarðvegsskipti og skipt um vatnsinntak í húsið í leiðinni, en það sem er fyrir er orðið lélegt skv. pípurum sem voru við vinnu í húsinu vegna framkvæmda sumarsins. Lóðin verður svo tekin í einhverjum áföngum og spurning hvað næst að gera mikið í fyrstu atrennu. Mikilvægt er að undirbúa framkvæmdina vel og taka tillit til óska og þarfa nemenda um hvernig hún kemur til með að líta út.

3. Skólanámskrá

Smávægilegar breytingar voru gerðar á skólanámskránni í takt við innleiðingu teymiskennslu og breytts vinnulags í skólanum í tengslum við það. Áfram stendur eftir að endurskoða námsmátið. Höldum þó fókusu á áframhaldandi innleiðingu teymiskennslu og ágætt að leyfa því að komast í fastar skorður áður en við förum í önnur stærri verkefni og endurskoðun.

4. Nefndarstörf - þróunarverkefni

Nokkrar nefndir starfandi sem hafa það hlutverk að keyra áfram þróunarverkefni og annað hér í skólanum.

- Grænfánanefnd: Heldur utan um Grænfánamál, moltu, endurvinnslu og hefur það hlutverk að halda málefni á lofti. Í vor stendur til að skrifa skýrslu og sækja um Grænfánann.
- Heilsueflandi nefnd: Heldur utan um heilsueflandi mál í skólanum, fer yfir matseðla og kemur með ábendingar og er með í ráðum varðandi hreyfistundirnar á morgnana svo eitthvað sé nefnt.
- Læsisnefnd: Heldur málefni á lofti í skólanum, kemur með hugmyndir að átaksverkefnum og fleira í þeim dúr.
- Innleiðing teymiskennslu. Þar njótum við áfram aðstoðar Ingvars Sigurgeirssonar sem er okkur innan handar, hittir teymi á fundum og mun koma í 1-2 heimsóknir yfir skólaárið og ræða við starfsfólk og nemendur.

5. Önnur mál

a. Styrkir

Skólinn fékk styrk frá Kvenfélaginu Hlín til þess að kaupa nýja saumavél. Þær sem til eru eru orðnar ansi lúnar og keyptar voru tvær nýjar inn. Höfum einnig fengið vilyrði nokkurra fyrirtækja til að efla bókakost skólans, og erum að bæta í lestraraðstöðuna um leið, reyna að gera þetta aðgengilegt og áhugavert. Þessi bókastyrkur kemur í stað jólabókanna sem gefnar hafa verið undanfarin ár, talið að geti nýst fleirum með þessum hætti. Fleiri styrkumsóknir, t.d. til áframhaldandi tækjavæðingar hafa verið lagðar fram og beðið er svara.

b. Mötuneytismál

Samvinna við leikskólann gengur vel og almenn ánægja með fyrirkomulagið. Ræt hefur verið um að endurskoða morgunmatinn í skólanum, fáir sem borða grautinn í dag, svo fáir að það tekur því varla að standa í því. Var rætt í foreldraviðtölum og tillaga kennarafundar í kjölfarið er að breyta fyrirkomulaginu á þá leið að þrisvar í viku (mán., mið. og fös.) verði morgunkorn og tvisvar í viku (þri. og fim.) verði grautur. Fulltrúi nemenda er ánægður með þessa breytingu og vel tekið í þessa hugmynd af viðstöddum.

c. Innra mat / umbótatillögur

Farið er yfir umbótatillögur reglulega á kennarafundum, staðan metin og hvað hægt er að gera til að ná fram umbótum. Skýrslan og önnur matsskjöl aðgengileg á heimasíðu skólans. Innra mat skólaársins felst t.d. í nemendakönnunum Skólapúlsinn. Niðurstöður frá því í október eru nokkuð sláandi, áhugi á ánægja af lestri mælist mjög lágt hjá öllum aldurshópum og vellíðan í skóla og ánægja með skólann mælist mjög lágt hjá yngri nemendum. Mikilvægt að leita leiða til úrbóta.

Rætt um þessar niðurstöður og áhyggjur af óánægju nemenda með skólann og fleira í þeim dúr. Vangaveltur um ástæður, en skv. t.d. foreldrum og öðrum virðist vera erfitt að benda á hvað það er sérstaklega.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14:37